

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 145/2023

2023/EES/87/02

frá 13. júní 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/545 frá 26. janúar 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur sem varða sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita þeirra og vegna gerðarviðurkenningar þeirra kerfa sem aðskildar tæknieiningar og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 51c (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/133):

„51d. **32022 R 0545**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/545 frá 26. janúar 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur sem varða sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita þeirra og vegna gerðarviðurkenningar þeirra kerfa sem aðskildar tæknieiningar og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (Stjttíð. ESB L 107, 6.4.2022, bls. 18).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 52. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144):

„– **32022 R 0545**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/545 frá 26. janúar 2022 (Stjttíð. ESB L 107, 6.4.2022, bls. 18).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/545, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2022 frá 18. mars 2022 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 107, 6.4.2022, bls. 18.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 182, 7.7.2022, bls. 19, og EES-viðbætur nr. 45, 7.7.2022, bls. 12.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.